



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka
Skuggasundi 1
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016
Tilvísun vor: 07.08

Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3126A Skrokkölduvirkjun

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Skrokkölduvirkjun verði raðað í orkunýtingarflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í orkunýtingarflokk eru:

- *Lágar einkunnir faghópa 1 og 2*

Skrokkölduvirkjun raðaðist í orkunýtingarflokk í fyrstu tillögum að flokkun virkjana í 2. áfanga rammaáætlunar. Röðun virkjunarinnar samkvæmt mati faghópa er svipuð núna í 3. áfanga og er því gerð tillaga um að þessi kostur raðist í orkunýtingarflokk. Landsvirkjun lýsir ánægju sinni með þá niðurstöðu og gerir því engar athugasemdir við niðurstöður verkefnisstjórnar.

Skrokkölduvirkjun nýtir fall milli tveggja miðlunarlóna Landsvirkjunar, Hágöngulóns og Kvíslavatns. Sú nýting er í samræmi við hlutverk fyrirtækisins að hámarka afrakstur þeirra auðlinda sem fyrirtækinu er treyst fyrir. Virkjunin krefst engra nýrra lóna og því fer ekkert landsvæði undir vatn.

Við útfærslu virkjunarinnar verður lögð áhersla á að lágmarka sjónræn áhrif. Landsvirkjun vill leggja áherslu á að virkjunin er að meginhluta neðanjarðar. Þau mannvirki sem verða sýnileg, inntakshús, hlaðhús, frárennslisskurður og tengivirki, verða felld að landi þannig að sýnileiki þeirra verður lítil. Þá er gert ráð fyrir að Skrokkölduvirkjun verði tengd við flutningskerfi Landsnets með jarðstreng.

Virðingarfyllt

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri

Jón Ingimarsson

Jón Ingimarsson
forstöðumaður